

Af mannætum¹

Þegar Pýrrhos konungur kom til Ítalíu eftir að hafa séð hvernig herinn var skipaður sem Rómverjar sendu á móti honum varð honum að orði: „Ég veit ekki hvaða villimenn eru hér á ferð (Grikkir kölluðu allar erlendar þjóðir þessu nafni) en niðurskipan hersins sem ég sé er á engan hátt villimannsleg.“² Grikkir sögðu það sama um herinn sem Flaminius sendi inn í land þeirra og það á einnig við um Filippus, sem sá af hæð einni í ríki sínu reglu og skipulag rómversku herbúðanna, undir stjórn Publiusar Sulpiciusar Galba.³ Þarna má sjá hversu varasamt það er að trúá útbreiddum skoðunum, hluti skal dæma af skynsemi, ekki almannarómi.

Hjá mér var um langa hríð maður sem hafði dvalið tíu eða tólf ár í þessum svokallaða hinum heimi sem fannst á okkar öld en þar nam Villegagnon land sem hann kallaði Frakkland suðurskautsins.⁴ Fundur þessa óendanlega lands virðist veigamikill. Ég veit ekki hvort ég get fullyrt að aldrei muni finnast annað eins land því að margir sem eru meiri stórmenni en við hafa haft rangt fyrir sér í þeim efnun. Ég er hræddur um að augu okkar séu stærri en magamálið og forvitnin meiri en getan; við teygjum okkur í allt en náum engu. Plató nefnir Sólon til sögunnar,⁵ sem segist hafa lært hjá prestunum í borginni Saís í Egyptalandi að í gamla daga og fyrir syndaflóðið hafi verið til stór eyja sem hét Atlantis, rétt fyrir utan

1 Hér er stuðst við útgáfu Alberts Thibaudet og Maurice Rat: Montaigne, *Œuvres complètes*, París: Gallimard, 1962 og eru allar upplýsingar um fornar heimildir Montaignes sem hér birtast neðanmáls fengnar hjá þeim.

2 Sjá Plútark, *Vie de Pyrrhus*, VIII. Sigurður Pétursson fær miklar þakkir fyrir aðstoð við snörun á latneskum tilvísunum á íslensku.

3 Plútark, *Vie de Flaminius*, III; Titus Livius, *Histoire romaine*, XXXI, xxxiv.

4 Hér er átt við Brasilíu og komu Frakkans Nicolas Durand de Villegagnon þangað árið 1557.

5 *Timée*, XXII, xxv.

Gíbraltarsund, sem var stærri en Afríka og Asía samanlagt, og að konungar þessa lands, sem ríktu ekki aðeins yfir þessari eyju heldur höfðu einnig yfirráð á meginlandinu, þvert yfir Afríku og til Egyptalands og inn til Toscana í Evrópu, reyndu að komast til Asíu og leggja undir sig allar þjóðirnar við Miðjarðarhafið, alveg að Svartahafi; og í þeim tilgangi fóru þeir yfir Spán, Gallíu, Ítalíu og alla leið til Grikklands þar sem Aþenubúar lögðu þeim lið, en stuttu síðar fórust þeir og Aþenubúar í syndaflóðinu. Það er afar líklegt að eyðileggingin sem vatnið olli hafi haft í för með sér furðulegar breytingar á löndum jarðar eins og sagt er að sjórinn hafi skilið Sikiley frá Ítalíu:

*Hæc loca, vi quondam, et vasta convulsa ruina,
Dissiluisse ferunt, cum protinus utráque tellus
Una foret;*⁶

Kýpur frá Sýrlandi, eyjuna Negrepont⁷ frá meginlandi Bööttíu; og annars staðar sameinað lönd sem höfðu verið aðskilin með því að fylla ála sem á milli þeirra voru af leðju og sandi:

*sterilisque diu palus aptaque remis
Vicinas urbes alit, et grave sentit aratrum.*⁸

En það eru litlar líkur á því að þessi eyja sé þessi nýi heimur sem við erum nýbúin að finna vegna þess að hún snerti næstum því Spán og það væri ótrúlegt að flóð hefði fært hana til á þennan hátt, um meira en tólf hundruð mílur; auk þess sem siglingar samtímamanna okkar hafa svo að segja sýnt fram á að þetta er ekki eyja heldur meginland sem tengist Austur-Indíum öðrum megin og löndunum sem eru undir pólunum tveimur hinum megin; og ef hún er aðskilin frá þeim þá er sundið svo mjótt og bilið svo lítið að hún á ekki skilið að vera kölluð eyja.

6 Virgill, *Eneasarkviða*, þýð. Haukur Hannesson. Reykjavík: Mál og menning, 1999, III, 414–415, bls. 75: „Sagan hermir að lönd þessi, sem áður voru eitt, hafi klofnað hvert frá öðru í hamföllum, gríðarlegu hruni.“

7 Eyjan Evboja í Eyjahafi.

8 Hóras, *Art poetique*, 65–66: „Og þessi ófrjósama mýri, sem lengi mátti róa á, fæðir nú marga bæi og þolir þungan plóg.“

Svo virðist sem hreyfingar eigi sér stað, sumar náttúrulegar, aðrar ákafari, í þessum stóru líkömum eins og í okkar. Þegar ég virði fyrir mér eyðinguna sem blessuð Dordogne-áin hefur valdið í minni tíð, við hægri bakkann á leið sinni til sjávar, og sé hversu mikið land hún hefur lagt undir sig á tuttugu árum og tekið með sér marga húsgrunna þá átta ég mig á því að þetta eru óvenjumikl- ar hræringar vegna þess að hefði hún alltaf hagað sér á þennan hátt eða gerði það í framtíðinni væri ásýnd heimsins gjörbreytt. En árnar taka breytingum: stundum breikka þær öðrum megin, stund- um hinum megin, stundum halda þær sig innan bakka sinna. Ég er ekki að tala um skyndileg flóð sem við kunnum skýringar á. Í Médoc, meðfram sjónum, getur bróðir minn, Herrann af Arsac, séð eitt landa sinna hulið sandi sem sjórinn hefur kastað upp á land. Enn má sjá nokkra húsmæni; tekjur hans og landareignir hafa rýrnað svo um munar. Íbúarnir segja að um hríð hafi sjórinn teyg- t sig svo kröftuglega í átt til þeirra að þeir hafi misst fjórar mílur lands; þessir sandar séu fyrirboðar hans; og við sjáum stórar kvik- syndisöldur, sem gengið hafa hálfa mílu upp á land, á undan haf- inu.

Hinn vitnisburð fornaldar, sem þessi landafundur er gjarnan tengdur, er að finna hjá Aristótelesi, það er að segja ef þetta litla kver *Af fábeyrðum furðum* er eftir hann. Þar segir hann að sumir Karþagóbúar hafi siglt af stað út á Atlantshafið frá Gíbraltarsundi og eftir langa siglingu hafi þeir loks komið að stórri og gróðursælli eyju, sem var alþakin skógi og nærð af breiðum og djúpum ám, langt frá öllum meginlöndum, og að þeir og síðan aðrir í kjölfarið hafi farið þangað með konum sínum og börnum, þar sem þeir hrifust af gæðum og frjósemi landsins, og komið sér þar fyrir. Þegar herrarnir í Karþagó sáu að land þeirra var smátt og smátt að tæmast lögðu þeir blátt bann við því að fleiri færu til eyjunnar og lá dauða- refsing við því að rjúfa það bann, og ráku þeir nýju íbúana í burtu en sagt er að þeir hafi óttast að með tímanum ætti þeim eftir að fjölga svo mikið að þeir yrðu fleiri en Karþagóbúar og legðu ríki þeirra í rúst. Þessi frásögn Aristótelesar á heldur ekki við okkar nýju lönd.

Þessi maður sem var hjá mér var einfaldur og óheflaður og það er einmitt skilyrði þess að geta sagt satt og rétt frá því að fagað fólk

tekur mun betur eftir, og eftir fleiru, en túlkar það sem fyrir augu ber og til að gefa túlkun sinni meira vægi og sannfæringargildi getur það ekki stillt sig um að breyta sögunni dálítið; fágaðir menn segja aldrei frá hlutum eins og þeir eru, heldur teygja þá og dulbúa í samræmi við það hvernig hlutirnir birtust þeim; og til þess að gefa skoðunum sínum meiri þyngd og fá ykkur til að aðhyllast þær setja þeir efnið gjarnan fram með slagsíðu, lengja mál sitt og skreyta. Það þarf mjög tryggan mann eða svo einfaldan að hann sé ófær um að grípa til ósanninda og láta þau líta út fyrir að vera sönn; og hann þarf að vera hlutlaus. Þannig var maðurinn sem var hjá mér en auk þess hitti ég nokkrum sinnum fyrir hans atbeina, marga háseta og kaupmenn sem hann hafði kynnst á þessu ferðalagi. Þess vegna læt ég mér duga þessar upplýsingar án þess að grafast fyrir um það sem landfræðingar hafa sagt um ferðina.

Við þyrftum staðfræðinga sem segðu okkur sérstaklega frá þeim stöðum sem þeir hafa verið á. Þar sem landfræðingarnir hafa það fram yfir okkur að hafa séð Palestínu vilja þeir njóta þeirra forréttinda að segja okkur frá heiminum öllum. Ég mundi óska þess að hver og einn skrifaði um það sem hann veit og ekki meira en hann veit, ekki aðeins um þetta efni heldur öll vegna þess að hægt er að hafa sérstaka þekkingu eða skilning á eðli ár eða uppsprettu án þess að vita meira en aðrir á öðrum sviðum. Samt sem áður mun sá hinn sami, til þess að breiða út þessa litlu spildu þekkingar, skrifa um náttúruna alla. Mikil óþægindi eiga upptök sín í þessari veilu.

Svo ég komi mér nú aftur að efninu, þá finnst mér ekkert villimannslegt eða frumstætt hjá þessari þjóð, af því sem mér hefur verið sagt; nema það að hver og einn kallar það villimennsku sem samræmist ekki venjum hans. Það er satt að við höfum ekki önnur viðmið fyrir sannleika og skynsemi en þau dæmi og þá mynd sem skoðanir og venjur í því landi sem við erum í endurspeglar. Þar má ætíð finna hin fullkomnu trúarbrögð, hina fullkomnu stjórnarhætti, hinar fullkomnu og óaðfínanlegu venjur á öllum sviðum. Þeir eru frumstæðir á sama hátt og við köllum ávexti villta sem náttúran hefur sjálf og með sínum eðlilega hætti getið af sér en í raun eru það þeir sem við höfum breytt með þekkingu okkar og snúið af hinni almennu leið sem við ættum frekar að kalla villta. Í þeim fyrrnefndu eru hinar sönnu, gagnlegri og náttúrulegri dyggðir og eigin-

leikar lifandi og þróttmiklir, sem við höfum afskræmt í þeim síðar-nefndu með því að laga þá að okkar spillta smekk. Og samt sem áður fellur ljúft bragðið af mörgum óræktuðum ávöxtum frá þessum löndum að okkar smekk, sem eru ekki síður góðir en okkar; það er ekki ástæða til þess að kunnáttan sé meira metin en okkar mikla og volduga móðir náttúra. Með því að ofhlaða fegurð og mikilfengleik sköpunarverka hennar með uppfinningum okkar höfum við algerlega kæft hana. Og því er það svo að alls staðar þar sem hreinleiki hennar skín kemur skömm okkar hégómlegu og léttúðugu gjörða berlega í ljós,

*Et veniunt ederae sponte sua melius,
Surgit et in solis formosior arbutus antris,
Et volucres nulla dulcius arte canunt.*⁹

Hversu mikið sem við reynum þá getum við ekki einu sinni endurgert minnsta fuglshreiður, áferð þess, fegurð og gagnsemi, né vef hinnar veikbyggsu köngulóar. Allir hlutir, sagði Plató, eru gerðir af náttúrunnar hendi eða fyrir tilviljun eða af hugviti. Þeir mestu og fegurstu af annarri hvorri þeirra tveggja fyrirnefndu; þeir minni og ófullkomnari af þeirri seinustu.

Mér virðast því þessar þjóðir vera villtar á þann hátt að þær hafa lítið mótast af mannvitinu og eru enn mjög nálægt sínum upprunalega einfaldleika. Þær hlýða enn boðum náttúrunnar, sem okkar lög hafa lítið náð að brengla, en þegar ég sé slíkan hreinleika sækir stundum að mér óynði út af því að þessi vitneskja skuli ekki hafa borist fyrr, á meðan til voru menn sem hefðu getað dæmt þá betur en við. Mér þykir leitt að hvorki Lycurgus né Plató hafi þekkt þessar þjóðir vegna þess að mér sýnist að það sem við sjáum í raun hjá þeim standi ekki aðeins framar öllum þeim myndum sem skáldin hafa notað til þess að fegra gullöldina og öllu því sem hún hefur fundið upp á í þeim tilgangi að ímynda sér að maðurinn sé hamingjusamur heldur einnig hugmyndinni og þránni eftir heimspékinni. Þeir gátu ekki ímyndað sér jafn hreina og barnslega einfaldni og þá sem við sjáum og hefðu ekki getað trúað því að samfé-

9 Sextus Propertius, II, 10–12: „Vafningsviðurinn rís betur þegar hann vex af sjálfum sér, runninn er fegurri í einmanalegum hellum, og söngur fuglanna er þýðari án þekkingar.“

lag okkar gæti viðhaldist með svo lítilli þekkingu og samstöðu. Þetta er þjóð, segði ég við Plató, sem þekkir ekki ráðabugg, hefur enga þekkingu á bókum, ekkert vit á tölum, ekkert orð yfir dómara né stjórn málayfirvald, engar venjur um vinnuþemmsku eða ánauð, ríkidæmi eða fátækt, enga samninga, engar erfðir, enga skiptingu, enga iðju nema til ánægju, enga virðingu fyrir skyldleika öðrum en almennum skyldleika, engin klæði, engan landbúnað, enga málma, enga notkun víns eða hveitis. Orðin fyrir ósannindi, svik, fals, nirfilshátt, öfund, baktal og fyrirgefningu eru óþekkt. Hversu langt frá þessari fullkomnunn myndi Plató þykja lýðveldið sem hann ímyndaði sér: „*viri a diis recentes*“.¹⁰

*Hos natura modos primum dedit.*¹¹

Auk þess búa þeir í þægilegu landi þar sem loftslag er milt og eftir því sem vitnin mín hafa sagt mér er sjaldgæft að rekast þar á sjúkan mann og þau hafa fullyrt að þau hafi ekki séð neinn mann skjálfsandi, voteygan, tannlausan og hokinn af elli. Þeir hafa komið sér fyrir við ströndina, umluktir háum og miklum fjöllum og milli fjalls og fjöru eru um það bil 100 mílur. Þarna er gnægð fiskjar og kjöts, sem líkist ekkert því sem við erum vön, og þeir borða það án annarrar matreiðslu en að sjóða það. Fyrsti maðurinn sem kom til þeirra á hestbaki olli svo mikilli skelfingu hjá þeim að þeir drápu hann með örvum áður en þeir áttuðu sig á því að hann hafði oft lagt leið sína til þeirra. Híbyli þeirra eru löng og geta hýst tvö til þrjú hundruð sálir, þakin barkarræmum stórra trjáa sem festar eru við jörðina öðrum megin en topparnir mætast og hallast hver að öðrum eins og í sumum af hlöðunum okkar þar sem þakið nær alveg niður á jörð og kemur í stað hliðarveggs. Þeir nota við sem er svo harður að hægt er að skera með honum og gera úr honum sverð og rist til þess að elda mat sinn á. Rúm þeirra eru úr bómullarefni og hanga við þakið, eins og í skipunum okkar, og hver á sitt rúm vegna þess að konurnar sofa ekki hjá mönnum sínum. Þeir fara á fætur við sólarupprás og borða strax og dugir sá matur allan daginn þar sem þeir útbúa ekki aðra máltíð. Þegar þeir borða drekka þeir ekki neitt,

10 Seneka, *Lettres*, XC: „Menn nýkomnir úr höndum guðanna.“

11 Virgill, *Géorgiques*, II, 20: „Þetta eru fyrstu lög náttúrunnar.“

eins og Suidas¹² sagði um nokkrar aðrar austrænar þjóðir, sem drukku án þess að borða; þeir drekka oft á dag og ríkulega. Drykkur þeirra er gerður úr einhverri rót og er eins á litinn og ljósu rauðvínin okkar. Þeir drekka hann alltaf volgan. Þessi drykkur geymist aðeins í tvo eða þrjá daga: Hann er dálítið sterkur en stígur manni ekki til höfuðs, góður fyrir magann og örvandi fyrir meltinguna hjá þeim sem ekki eru vanir honum; þetta er mjög ljúfur drykkur fyrir þá sem eru honum vanir. Þeir nota einhvers konar hvítt deig, eins og niðursodið kóríander í staðinn fyrir brauð. Ég hef smakkað það og bragðið er milt og dálítið dauft. Öllum deginum er eytt í dans. Yngstu mennirnir fara á dýraveiðar með boga að vopni. Á meðan skemmtir hluti kvennanna sér við að hita drykkinn og er það þeirra helsta iðja. Áður en þeir fá sér morgunmatinn predikar einn öldunganna yfir öllum íbúum hlöðunnar með því að ganga frá einum enda byggingarinnar til annars og endurtaka sömu setninguna í sífellu þar til hann er kominn alla leið (vegna þess að byggingarnar eru ríflega hundrað skref); hann ráðleggur þeim aðeins tvennt: hugrekki andspænis óvinunum og ást á eiginkonum sínum. Og alltaf muna þeir eftir því að minna á þessa skyldu, í viðlaginu, að það eru þær sem halda drykknum volgum og krydduðum. Víða má sjá, og einnig heima hjá mér, hvernig rúm þeirra eru í laginu, kaðlarnir, sverðin, viðararmböndin, sem þeir hylja úlnliðina með í bardögum, og stór rör opin í annan endann og með þeim búa þeir til hljóð sem þeir nota til að halda takti þegar þeir dansa. Þeir raka hárin af öllum líkamanum og mun nákvæmar heldur en við, með rakhníf úr viðarbút eða steini. Þeir trúá því að sálin sé ódauðleg og að þær sem hafi til þess unnið að mati guðanna fái dvalarstað á himninum þar sem sólin kemur upp en þær glötuðu í vestri.

Hjá þeim eru einhvers konar prestar eða spámenn sem búa í fjöllunum og koma mjög sjaldan til fólksins. Þegar þeir koma er mikil hátíð og íbúar margra þorpa (hver hlaða, eins og ég lýsti þeim áðan, er eitt þorp og þær eru í um það bil einnar franskra mílu fjarlægð hver frá annarri) koma saman. Þessi spámaður talar við þá í allra viðurvist, hvetur þá til þess að vera dyggðugir og rækja skyldur sínar: en öll siðfræði þeirra er ekki meira en þessi tvö atriði,

12 Suidas, Suda eða Souda er býsantskt lexikon frá 10. öld; Montaigne telur Suidas vera nafn höfundar.

að vera hugrakkir í bardögum og sýna konunum ástríki. Hann segir þeim frá því sem í vændum er og hvernig það sem þeir ráðast í muni fara; hann hvetur þá ýmist eða letur til þess að fara í stríð. En þessu fylgir sá skilmáli að ef hann spáir ekki rétt og ef hlutir gerast með öðrum hætti en hann sá fyrir er hann brytjaður í þúsund bita, ef þeir ná honum, og dæmdur fyrir að vera falsspámaður. Af þessu leiðir að sá sem hefur rangt fyrir sér einu sinni sést ekki framar.

Spámennskan er guðsgjöf, þess vegna eru það refsiverð svik að misnota hana. Þegar spámenn Skýþa höfðu óvart rangt fyrir sér voru þeir hlekkjaðir á höndum og fótum og lagðir niður á kerrur sem voru hlaðnar lyngi og uxum var beitt fyrir, og þar voru þeir láttnir brenna. Þeim sem sjá um mál er lúta að mannlegri getu er fyrirgefið hafi þeir lagt sig alla fram. En hinir sem koma og ljúga því að þeir hafi yfirskilvitlega krafta sem eru utan okkar þekkingar, þarf ekki að refsa þeim fyrir að efna ekki loforð sín og fyrir fífldirfskuna sem olli svikunum?

Þeir fara í stríð við þjóðirnar sem búa handan við fjöllin, lengra inni í landi, og þangað fara þeir kviknaktir og ekki vopnaðir öðru en boga eða trésverði sem er með odd á öðrum endanum eins og járnoddurinn á höggspjótunum okkar. Harkan í bardögum þeirra er furðumikil og þeim lýkur alltaf með dauða og blóðsúthellingum vegna þess að þeir vita ekki hvað flótti og ótti er. Hver og einn tekur með sér höfuð óvinarins sem hann drap sem sigurtákn og hengir það við inngang vistarveru sinnar. Eftir að hafa annast fanga sína um langt skeið og veitt þeim öll þau þægindi sem hugsast getur býður fangavörðurinn öllum sem hann þekkir til samkomu. Hann bindur reipi við annan handlegg eins fangans og heldur í enda þess í nokkurra skrefa fjarlægð, af ótta við að fanginn meiði hann, og lætur svo besta vin sinn halda í hinn handlegg fangans á sama hátt, og fyrir framan viðstadda slá þeir fangann með sverðum þar til hann rotast. Að því búnu er hann steiktur yfir eldi og allir eta saman og senda bita til þeirra vina sinna sem ekki eru viðstaddir. Þetta er ekki, eins og halda mætti, til þess að næra sig eins og Skýþar gerðu forðum, heldur til þess að ná fram fullkominni hefnd. Það má sjá af því að þegar þeir sáu að Portúgalar, sem höfðu slegist í lið með óvinum þeirra, notuðu aðra aðferð til þess að drepa

þá þegar þeir voru teknir til fanga – sem fólst í því að grafa þá í jörðu að mitti og skjóta á efri hluta líkamans af boga, og hengja svo – og þar sem þeir héldu að þessir menn úr hinum heiminum, er breitt höfðu út þekkingu á alls kyns löstum hjá nágrönnum þeirra og voru miklu betur að sér í allri illmennsku en þeir, notuðust ekki við þessa hefnd að ástæðulausu og að hún væri sársaukafyllri en þeirra eigin fóru þeir að leggja niður sinn gamla sið og tóku upp þennan. Ég er ekki þjakaður af því að við skulum taka eftir villimannslegum hryllingi þessara gjörða heldur af því að um leið og við fordæmum réttilega misgjörðir þeirra þá erum við svo blind á okkar eigin. Ég held að það sé meiri villimennska fólgin í því að eta lifandi mann en dauðan, að limlesta hann með pyntingum og á þíningarbekk meðan hann finnur enn til, steikja hann smátt og smátt, láta hunda og svín glefsa í hann og meiða (eins og við höfum ekki bara lesið um heldur séð nýlega, ekki meðal fornra fjandvina heldur nágranna og meðborgara, og það sem verra er, undir formerkjum guðrækni og trúar), en að steikja hann og eta þegar hann er dáinn.

Krýsippos og Zenon, foringjar Stóumanna, voru þeirrar skoðunar að það væri ekkert því til fyrirstöðu að nýta mannshræ til hvers sem væri, ef þörf krefði, og nota til matar;¹³ eins og forfeður okkar, þegar Sesar sat um þá í borginni Alesíu, ákváðu að sigrast á hungriinu sem fylgdi umsátrinu með því að leggja sér til munns líkama gamalmenna, kvenna og annarra sem komu ekki að neinu gagni í bardögum.

*Vascones, fama est, alimentis talibus usi
Produxere animas.*¹⁴

Og læknar hika ekki við að nota þá á ýmsa vegu, okkur til heilsu-bótar; annað hvort að innanverðu eða utan. En engin afstaða hefur nokkru sinni verið það afbrigðileg að hún nægi til þess að afsaka svik, ótryggð, harðstjórn og grimmd, sem eru algengir gallar okkar.

Við getum svo sem kallað þá skrælingja með hliðsjón af reglum skynseminnar en ekki í samanburði við okkur sem stöndum þeim

13 Díogenes Laertíós, *Vie de Chrysippe*, VII, 188.

14 Juvenal, xv, 93–94: „Sagt er að Gaskónar hafi lengt líf sitt með slíkri fæðu.“

framar í allri villimennsku. Stríð þeirra er göfugt og stórbrotið og er jafn afsökunarvert og fagurt og þessi mannlegi sjúkdómur getur orðið. Í stríði þeirra felst einungis þrá eftir dyggð. Þeir hafa ekki áhuga á því að leggja undir sig ný lönd vegna þess að þeir njóta enn allsnægta náttúrunnar sem sér þeim fyrir öllu sem þeir þarfnast án vinnu og erfiðis, og í svo ríkum mæli að þeir hafa engan áhuga á því að stækka land sitt. Þeir eru enn á því hamingjusamlega stigi að þrá ekki meira en það sem þeir þurfa nauðsynlega: allt sem fer fram yfir það er óþarfi í þeirra augum. Þeir kalla jafnaldra sína bræður, börn þá sem eru yngri, og gamalmennin eru feður allra. Þau láta erfingjum sínum sameiginlega eftir eigur sínar óskiptar, án annarrar skilgreiningar en þeirrar einu sem náttúran gefur börnum sínum þegar þau koma í heiminn. Ef nágrannar þeirra koma yfir fjöllin til þess að gera atlögu að þeim og bera sigur af hólmi þá felst ávinningurinn í heiðrinum og því að hafa sýnt meiri dirfsku og dug; þeir hafi ekkert að gera við eignir hinna sigruðu og snúa heim þar sem þá skortir ekkert sem þeir geta ekki án verið og ekki heldur það sem er svo mikilvægt: að kunna að njóta tilvistar sinnar og láta sér hana nægja. Þessir gera það sama. Þeir biðja fanga sína ekki um neitt annað en játningu og að viðurkenna að þeir hafi tapað. En á heilli öld mun hver einasti þeirra heldur deyja en hvika frá hinu óbilandi hugrekki í orðum eða æði. Allir kjósa þeir frekar að vera drepnir og etnir heldur en að biðja sér vægðar. Þeir hugsa vel um óvini sína til þess að þeim verði enn sárara um líf sitt og tala oft við þá um yfirvofandi dauðdaga þeirra og kvalirnar sem bíði þeirra, undirbúninginn, hvernig líkami þeirra verði bútaður niður og veisluna sem haldin verði á þeirra kostnað. Allt þetta er gert í þeim tilgangi einum að fá þá til þess að segja orð sem bera vitni um hugleysi eða lítilmótleika, eða vekja hjá þeim löngun til þess að flýja, til þess að hafa heiðurinn af því að hafa gert þá hrædda og brotið niður styrk þeirra. Því ef vel er að gáð felst hinni sanni sigur í þessu einu:

victoria nulla est

*Quam quæ confessos animo quoque subjugat hostes.*¹⁵

15 Claudius, *De sexto consulatu Honorii*, 248–249: „Það er enginn sigur nema sá sem knýr óvininn til að játa ósigurinn einnig í huga sér.“

Ungverjar, sem voru mjög stríðsglaðir bardagamenn, létu sér nægja að láta andstæðingana biðjast vægðar. Þegar óvinirnir höfðu viðurkennt ósigur sinn leyfðu Ungverjarnir þeim að fara án þess að gera þeim mein og án lausnargjalds nema í mesta lagi að láta þá lofa því að fara ekki aftur með vopnum gegn sigurvegurunum.

Við höfum ýmsa yfirburði framyfir óvini okkar sem tilheyra okkur ekki, en hafa verið fengnir að láni. Það er eiginleiki burðarmannsins en ekki hugrekksis að hafa sterkari handleggi og fótleggi; gott atgervi er dauðlegur og líkamlegur eiginleiki; það er lán að óvinur okkar hrasar eða sólin blindar hann; það felst bæði list og þekking í því að vera góður í skylmingum og getur fyrirfundist hjá einskis nýtum heigli. Virðing og gildi manns er í hjarta hans og viljastyrk: þar liggur hans sanni heiður; hreysti er einurð hugrekksisins og sálarinnar, ekki fóta og handa; hún felst ekki í gildi reiðskjótans eða vopnanna heldur okkar sjálfra. Sá sem dettur en missir ekki kjarkinn, „*si succiderit, de genu pugnat*“,¹⁶ sá sem missir ekkert af sjálfstrausti sínu þótt hann eigi á hættu að deyja innan skamms, sem horfir enn á óvin sinn, ákveðinn og fullur fyrirlitningar, þegar hann gefur upp andann, er sigraður en ekki af okkur heldur af gæfunni; hann er drepinn, ekki sigraður.

Þeir djörfustu eru stundum þeir ólánsömustu.

Þess vegna getur meiri sigur falist í glæstum ósigri en sigri. Þessir fjórir sigrar, þeir fegurstu sem sólin hefur augum litið, í Salamínu, Plateu, Mýkale og Sikiley, hafa aldrei dirfst að mæla dýrð sína við dýrðarljóma ósigurs Leoníðasar konungs og manna hans við Laugaskörð.

Hver hefur nokkru sinni steipt sér í glötun af meiri dýrðarþrá og sigurvon en Ískolas foringi? Hver hefur hugað af meiri nákvæmni og snilld að öryggi sínu en hann að eyðileggingu sinni? Honum var falið að standa vörð um fjallaskarð í Pelópsfjöllum gegn Arkadíumönnum. Hann var gersamlega ófær um það vegna staðháttu og liðsmunar og hann dró þá ályktun að allir sem færu andspænis óvinunum ættu ekki afturkvæmt; hins vegar, þar sem hann taldi fyrir neðan virðingu sína og göfuglyndi þess sem væri frá Lakedaímón að rækja ekki skyldu sína þá fór hann meðalveginn

16 Seneka, *De la Providence*, II, vi: „Ef hann dettur, berst hann á hnjúnum.“

milli þessara tveggja andstæðna með þessum hætti: yngstu og hraustustu menn liðsins geymdi hann til þess að vernda land sitt og þjóna því og sendi þá til baka. Og með þeim sem minni skaði var í að missa ákvað hann að verja skarðið og láta óvinina kaupa sér dýrustu inngöngu sem hann mögulega gæti með dauða þeirra: þannig fór það. Vegna þess að innan skamms var hann umlukinn Arkadíumönnum á alla vegu og eftir mikið blóðbað urðu hann og allir hans menn sverðinu að bráð. Eru þau sigurlaun til sem þeir sigruðu eiga ekki frekar skilið en sigurvegararnir? Hinn eini sanni sigur er í bardaganum, ekki því að komast undan og heiður hugrekksins felst í því að berjast, ekki að sigrá.

Ef við snúum okkur aftur að sögunni okkar þá er langt frá því að þessir fangar gefist upp þrátt fyrir allt sem þeim er gert, þvert á móti, þessa tvo eða þrjá mánuði sem þeir eru fangar eru þeir glaðlegir, hvetja húsbændur sína til þess að drífa nú í því að leiða þá til þrautarinnar, þeir ögra þeim, móðga og gagnrýna þá fyrir heigulsháttinn og alla bardagana sem þeir hafa tapað gegn óvinunum. Ég þekki lag sem samið var af fanga þar sem segir: Megi þeir koma allir sem einn og safnast saman til þess að eta hann vegna þess að þeir munu samtímis eta feður sína og forfedur sem hafa nært hann og fódrað. „Þessir vöðvar, segir hann, þetta kjöt og þessar æðar, þetta eru ykkar menn, vesalings aumingjarnir ykkar. Þið áttið ykkur ekki á því að kjötið af útlimum forfedra ykkar er þarna enn, smjattið vel á þeim, þið munuð finna bragðið af ykkar eigin holdi.“ Þessi hugmynd er á engan hátt villimannsleg. Þeir sem mála fangana þegar þeir deyja og þegar verið er að rota þá, sýna hvernig fanginn hrækir framan í þá sem drepa hann og yggilir sig. Það er satt að til seinustu stundar ögra fangarnir þeim með orðum sínum og framkomu. Hér eru sannarlega villimenn á okkar mælikvarða vegna þess að annað hvort er eitthvað að þeim eða okkur: Það er furðu langt á milli þeirra lífshátta og okkar.

Karlmennirnir eiga margar konur og þeim mun fleiri sem þeir eru þekktari fyrir dirfsku. Eitt er sérlega fallett þegar þeir giftast og það er að rétt eins og öfundin kemur í veg fyrir að við getum notið ástar og umhyggju annarra kvenna þá nota konur þeirra hana til þess að verða þeim úti um einmitt þetta tvennt. Heiður eiginmannanna skiptir þær meira máli en nokkuð annað og þær leggja

sig allar fram um að fjölga eiginkonunum eins og hægt er, ekki síst vegna þess að það er til vitnis um ágæti eiginmannsins.

Eiginkonur okkar segðu að þetta sætti mikilli furðu: Það er ekki svo. Þetta er hjónabandsdyggð og á hæsta stigi. Og í Biblíunni sendu Lea, Rakel, Sara og konur Jakobs falletu þjónustustúlkurnar sínar til manna sinna; og Livia uppfyllti langanir Ágústusar, sjálfri sér í óhag;¹⁷ og kona Dejotarusar Stratonícusar konungs lánaði manni sínum til afnota ekki aðeins undurfagra stúlku sem þjónaði henni heldur ól hún upp börn hennar af alúð og studdi þau í því að taka við af föður sínum.¹⁸

Og til þess að enginn haldi að þetta sé gert af einfaldri og þrælslegri undirgefni við venjur þeirra og áhrifamátt þeirra fornu siða, án umhugsunar og dómgreindar, þar sem þeir séu svo heimskir að geta ekki haft aðra skoðun, þá verð ég að bæta við nokkrum dæmum um hæfni þeirra. Fyrir utan það sem ég sagði áðan og er úr einum af stríðssöngvum þeirra er hér partur úr ástarsöng sem byrjar svona: „Nem staðar, grassnákur, nem staðar grassnákur til þess að systir mín geti lært af litamunstri þínu hvernig gera skal fagran linda sem ég get gefið vinu minni og megri fegurð þín og útlit ætíð standa öðrum slöngum framar.“

Þetta fyrsta erindi er viðlag kvæðisins. Ég hef nægilega reynslu af kveðskap til þess að geta sagt að ekki einungis er ekkert villimannlegt í þessari hugsun heldur væri Anakreon fullsæmdur af henni. Auk þess er tungumál þeirra ómþýtt og hljómfagurt og endingarnar minna á grísku.

Þrír þeirra komu til Rúðuborgar þegar Karl sálugi 9. konungur var þar staddur, án þess að vita hvað kynnin af spillingunni hér áttu eftir að verða þeim dýrkeypt og að þau myndu valda endalokum þeirra sem ég býst við að séu nú þegar hafin (vesælir að hafa látið forvitnina blekkja sig til þess að yfirgefa sína ljúfu heimahaga til þess að sjá okkar).¹⁹ Konungur talaði lengi við þá, þeim var sýnt hvernig við gerum hlutina, í hverju íburður okkar felst og hvernig falletur bær lítur út; eftir þetta spurði einhver þá hvað þeim fyndist og vildi vita hvað þeim hefði þótt aðdáunarverðast. Þeir nefndu þrjú

17 Suetonius, *Vie d'Auguste*, LXXI.

18 Plútark, *Des vertueux faits des femmes*, I.

19 Þessi heimsókn átti sér stað árið 1562.

atriði og ég hef gleymt því þriðja og þykir það afar leitt en ég man enn hin tvö. Þeir sögðu að í fyrsta lagi hefði þeim þótt mjög einkennilegt að svo margir fullorðnir menn, skeggjaðir, sterkir og vopnaðir, sem voru með konunginum (líklega eiga þeir við Svisslendingana í lífvarðasveit hans) sættu sig við að hlýða barni og af hverju einn þeirra væri ekki frekar valinn til þess að stjórna. Í öðru lagi (þeir hafa þann talsmáta í sínu tungumáli að kalla menn „helming“ hver annars) þá hefðu þeir tekið eftir því að meðal okkar væru menn sem væru saddir og nytu alls kyns þæginda en að helmingar þeirra betluðu við dyr þeirra, horaðir af hungri og fátækt; og þeim fannst skrytið að þessir þurfandi helmingar gætu þolað annað eins óréttlæti, að þeir gripu hina ekki kverkataki eða kveiktu í húsum þeirra.

Ég spjallaði allengi við einn þeirra en með mér var túlkur sem fylgdi mér illa eftir og átti svo erfitt með að skilja hugmyndir mínar vegna heimsku sinnar að samtalið kom mér að litlum notum. Þegar ég spurði hann hvað hann fengi að launum fyrir að vera settur yfir hina (vegna þess að hann var foringi og hásetar okkar kölluðu hann konung), þá svaraði hann að það væri að ganga fremstur í bardaga. Ég spurði hversu margir fylgdu honum; hann sýndi mér svæði og að það væru jafnmargir og kæmust fyrir á þessu svæði, það gætu verið fjögur eða fimm þúsund menn. Ég spurði hvort vald hans væri óbreytt utan stríðsins; hann sagði að það sem eftir væri kæmi fram þegar hann heimsækti þorpinn sem tilheyrðu honum; þá væru lagðir stígar í gegnum runnana í skóginum svo að hann kæmist auðveldlega leiðar sinnar.

Allt þetta er ekki svo slæmt: en bíddu við! Þeir klæðast ekki buxum.